

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2024, þriðjudaginn 5. nóvember kl. 10:00 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1182. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin.
Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir, Margrét Pálína Cassaro, Sigrún Reynisdóttir og Sigurður Stefán Karlsson.
Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Austurbrún 31 - USK24090379

Sótt er um leyfi til að innrétta íbúð í mhl. 01 og aukaíbúð í mhl. 02 á lóð nr. 31 við Austurbrún. Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa og/eða grenndarkynningar.

2. Bankastræti 12 - USK24090313

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og útliti á 1. og 2. hæð í atvinnuhúsi á lóð nr. 12 við Bankastræti.
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

3. Bankastræti 2 - USK23120020

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi vegna breytinga á brunavörnum í veitingarhúsi í flokki 2 tegund ? fyrir ? gesti í húsinu Lækjarbrekku, mhl.01 við Bankastræti 2 á lóð nr. 2 við Bankastræti.
Erindi fylgir ódagsett umsögn Minjastofnunar.
Gjald kr. 14.500

Frestað. Vísað til athugasemda.

4. Barónsstígur 11A - USK24100260

Sótt er um leyfi til að breyta veitingahúsi, mhl.01, í atvinnu- og íbúðarhúsnæði með tveimur íbúðum og til þess að hækka hús nr. 11B, mhl.02, um tvær hæðir og til þess að sameina matshluta 01 og 02 á lóð nr. 11A við Barónsstíg.

Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir greinargerð frá hönnuði dags. 18. ágúst 2020.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

5. Bjarmaland 21 - USK24100132

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu við einbýlishús á lóð nr. 21 við Bjarmaland.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og mæliblað 1.854.1 dags. 19. apríl 1966.

Stækkun: 98,6 ferm., 451,7 rúmm.

Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

6. Blikastaðavegur 2-8 - USK24100129

Sótt er um leyfi til að byggja lager- og skrifstofuhúsnæði á tveimur hæðum, mhl. 03 og kalda útigeymslu sem verður mhl. 04 á lóð nr 2-8 við Blikastaðaveg.

Erindi fylgir greinargerð hönnunarstjóra dags. 2. október 2024, mæliblað útg. 18. júní 2008 og greinargerð um hönnun brunavarna dags. 11. september 2024.

Mhl. 03: 4.290,1 ferm., 30.778,7 rúmm.

Mhl. 04: 539,38 ferm., 3.836,6 rúmm.

Samtals: xx ferm., xx rúmm.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

7. Borgartún 24E - USK24100246

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057713, með síðari breytingum BN061698, USK24070049 og USK24080239, þannig að innra skipulagi er breytt og innréttuð er hárgreiðslustofa í rými 0103 í húsi nr. 24E á lóð nr. 24 við Borgartún.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 3. september 2024.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

8. Brekkugerði 19 - USK24100288

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi og til þess að stækka kjallara og innréttu þar vinnustofu og geymslu í einbýlishúsi á lóð nr. 19 við Brekkugerði.

Stækkun. 164.3 ferm., 527.5 rúmm.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 22. október 2024.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

9. Bústaðavegur 9 - USK24100245

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun á skrifstofuhúsnæði í skólahúsnæði á lóð nr. 9 við Bústaðarveg.

Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

10. Depluhólar 8 - USK24100097

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23080060 vegna lokaúttektar í húsi á lóð nr. 8 við Depluhóla. Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

11. Dvergshöfði 4 - USK24100177

Sótt er um leyfi til þess að byggja ofan á þegar byggðan bílakjallara, 7- hæða verslunar- og skrifstofuhús við Dvergshöfða 4, mhl.05, á lóð nr. 9 við Bíldshöfða.

Jafnframt er byggingarleyfi BN035190 fellt úr gildi.

Stærð (aук bílakjallara): 14.121.1 ferm., 55.296.8 rúmm.

Erindi fylgir greinargerð Eflu um brunahönnun dags. 10. október 2024, Hljóðvistargreinargerð Eflu dags. 5. september 2024, mæliblað 4. 062.0 dags. 10. febrúar 25023 og hæðablað dags. í júlí 2000.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

12. Engihlíð 6 - USK24020089

Sótt er um leyfi til að sameina lóðir, byggja viðbyggingu fyrir lyftu, rífa stromp, einangra húsið að utan og klæða með múrkerfi, gera hurðargat í burðarvegg, setja rampa auk ýmissa innanhússbreytinga í húsi á lóð nr. 6 við Engihlíð.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 7. febrúar 2024, mat á burðarhæfni dags. 5. febrúar 2024 og yfirlit breytinga og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. mars 2024 sem og umsögn skipulagsfulltrúa við fyrirspurn dags. 19. september 2024.

Stækkun 30,1 ferm. og 99,8 rúmm.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

13. Funafold 35 - USK24090023

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059294 þannig að stoðveggur hefur verið byggður á lóðamörkum, saunabygging er orðin tækjageymsla og komið er fyrir útiskýli á suðurlóð einbýlishúss á lóð nr. 35 við Funafold.

Erindi fylgir yfirlit breytinga,

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

14. Garðastræti 17 - USK24030144

Sótt er um leyfi til að innrétta íbúð þar sem áður var teiknistofa í kjallara íbúðar- og atvinnuhúss á lóð nr. 17 við Garðastræti.

Erindi fylgir samþykki sumra eigenda.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

15. Hagatorg 1 - USK24100247

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á 1. og 2. hæð suðurálmú í atvinnu og kennsluhúsnæði á lóð nr. 1 við Hagatorg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 9. janúar 2018 og 12. mars 2024.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

16. Haukahlíð 2 - USK24100016

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061145 þannig að hljóðkröfum er breytt í fjölbýlishúsi á lóð nr. 2 við Haukahlíð.

Erindi fylgir uppfærð greinargerð um hljóðvist frá Eflu dags. 1. október 2024 og minnisblað frá Eflu varðandi frávík frá hljóðvistarkröfu dags. sama dag.

Gjald kr. 15.400.

Synjað. Samræmist ekki byggingarreglugerð.

17. Hlaðbær 17 - USK24030335

Sótt er um leyfi til að síkka glugga í kennslustofum og gera dyr þar sem fyrir eru gluggar, gera skábraut við vestari inngang á norðurhlið, einangra og klæða eldri hluta húss með sléttum álplötum, breyta lagnakerfum, styrkja burðarvirki og uppfæra eldvarnir í húsi á lóð nr. 17 við Hlaðbæ.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

18. Holtsgata 35 - USK24100261

Sótt er um leyfi til að setja nýjar svalir á suðvesturhlið auk þess sem gerð er grein fyrir áður gerðum breytingum sem felast í því að glerþak hefur verið gert yfir eldri inndregnar svalir og ýmsar breytingar á innra fyrirkomulagi á 1. og 2. hæð í húsinu á lóð nr. 35 við Holtsgötu.

Stækkun vegna yfirbyggingar á svölum: 9,6 ferm., 24,2 rúmm.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

19. Hraunberg 4 - USK24100195

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi í atvinnurými og breyta útliti á atvinnuhúsi á lóð nr. 4 við Hraunberg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 9. nóvember 2021.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

20. Hraunberg 5A - USK24090213

Sótt er um leyfi til að breyta bílskúr/vinnustofu í einbýlishús á lóð nr. 5A við Hraunberg.
Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 9. október 1980, hæðarblað dags. 17. apríl 1978, mæliblað 4.670.8
dags. 3. júní 2024.
Stærð: 137,3 ferm., 214,3 rúmm.
Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

21. Hverfisgata 113-115 - USK24100307

Sótt er um leyfi til þess að breyta eldhúsi í framreiðslueldhús og stækka matsal mótuneytis á 4. hæð
lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu á lóð nr. 113-115 við Hverfigötu.
Erindi fylgir afrit af samþykktum aðaluppdrætti samþykktum 10. nóvember 1998.
Gjald KR. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

22. Hverfisgata 83 - USK24090117

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun, eignarhaldi og rýmisnúmerum vegna gerðar
eignarskiptasamnings, þannig að íbúð 0003 verður íbúð 0001 og rými sem áður voru í sameign, rými
0002, sem áður var lesstofa, verður geymsla og tilheyrir íbúð 0001 og rými 0001 sem áður var
barnapössun verður nú geymsla 0016, auk andyris með snyrtingu og eldhúskrök sem tilheyrir íbúð
0103 í íbúðarhúsi á lóð nr. 83 við Hverfisgötu.
Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 16. október 2024 og yfirlit breytinga á afrita aðaluppdráttar
samþykktum 30. desember 1993.
Gjald 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis.
Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á
verkið né ábyrgðaraðilar.

Skilyrt er að eignarskiptayfirlýsingu vegna breytinga í húsinu sé þinglýst til þess að samþykktin öðlist
gildi.

23. Háteigsvegur 2 - USK24070140

Sótt er um leyfi til að byggja tvær viðbyggingar, annars vegar biðstofu framan við núverandi anddyri á norðurhlíð og hins vegar nýtt anddyri á austurhlíð íbúðar- og atvinnuhúss á lóð nr. 2 við Háteigsveg. Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 31. maí 2024 og lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. apríl 2024.

Erindið var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Háteigsvegi 1, 3 og 4 og Rauðarárstíg 40 og 42, frá 18. september 2024 til og með 16. október 2024.

Engar athugasemdir bárust.

Stækkun: 28,3 ferm., 175,1 rúmm.

Eftir stækkun: 582,6 ferm., 1.693,1 rúmm.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Lagfæra skráningu.

24. Jöfursbás 3 - áfangi - 4 - USK24100248

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24030157 þannig að sótt er um leyfi til að byggja fjölbýlishús, síðustu tvö af sjö húsum með xx íbúðum sem verður 4. áfangi uppbyggingar á sameiginlegum bílakjallara á lóð nr. 3 við Jöfursbás .

Stærð: 7.297,9 ferm., 26.096,8 rúmm.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

25. Kalkofnsvegur 1 - USK24100263

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi á 1. og 2. hæð til að aðlaga vinnuumhverfi breyttu verklagi, fjölga starfsstöðvum, bæta starfsmannaðstöðu, nútímavæða eldhús og stækka matsal, fjarlægja glerþak yfir torgi og lyfta um eina hæð, uppfæra loftræsingu og brunavarnir í húsi Seðlabankans á lóð nr. 1 við Kalkofnsveg.

Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á uppdráttum (óstimpluðum) dagsettum 26. janúar 2022.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

26. Kirkjustræti 4 - USK24040248

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í kjallara, breyta útihurð og setja lyftu utan á skrifstofuhús á lóð nr. 4 við Kirkjustræti.

Erindi fylgir:

Stærð:

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

27. Kleppsvegur 150 - USK24100309

Sótt er um leyfi til að breyta burðarþoli, steypa vegg til jarðskjálftastýringar og breyta uppbyggingu þaks leikskólans Brákarborgar á lóð nr. 150 við Kleppsveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

28. Koparsléttta 5 - USK23020324

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061140, þ.e. brunamótstöðu veggja milli brunahólfa breytt og brunavarnalýsingu breytt fyrir þak beggja húsa á lóð nr. 5 við Koparsléttu.

Gjald kr.14.000.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

29. Laugavegur 11 - USK24100306

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi UKS24050065 vegna lokaúttektar þannig að rými 0203 er sameinað skrifstofueiningu 0202 í verslunar- og veitingahúsi á lóð nr. 11 við Laugaveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 27. ágúst 2024.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

30. Laugavegur 170 - USK24090270

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK231000047 með því að sameina tvær íbúðir í eina í tveimur stíga húsum á 6. og 7. hæð við Laugaveg, bílastæðum fækkað, gerðar tvær lokaðar bílgeymslur og fjórar lokaðar geymslur bílgeymsluhluta og fyrirkomulagi annarra geymsla breytt í K1 þannig að nú verða 100 íbúðir og 68 bílastæði í húsi á lóð nr. 170 við Laugaveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Lagfæra skráningu.

31. Melhagi 9 - USK24070116

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi 1. hæðar, grafa frá stofu og herbergi, útbúa verönd og innréttu íbúð í kjallara fjölbýlishúss á lóð nr. 9 við Melhaga.

Erindi fylgir yfirlit breytinga, samþykki meðeigenda og teikningaskrá.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

32. Njálsgata 36 - USK24100223

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN060722 vegna lokaúttektar þannig að utanhússklæðningu viðbyggingar hefur verið breytt í báruál, trappa frá verönd 0018 felld niður og skráningartafla uppfærð því til samræmis, einnig hefur útfærslu á hjólaskýli verið breytt við íbúðarhús á lóð nr. 36 við Njálsgötu.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 18. október 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 31. maí 2022.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

33. Rafstöðvarvegur 25 - USK24100227

Sótt er um leyfi til þess að reisa steinsteypt hús, mhl. ?? , og innrétta þurrufu og sturtuáðstöðu í tengslum við heitan pott og útiverönd á suðurhluta einbýlishúsalóðar nr. 25 við Rafstöðvarveg.

Stærð: 22.5 ferm., 64.4 rúmm.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Lagfæra skráningu.

34. Rafstöðvarvegur 33 - USK24030253

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðri einnar hæðar viðbyggingu, sólskála, úr timbri við suðausturhlið íbúðar 0101, hús nr. 33, í tvíbýlishúsi á lóð nr. 33 - 33A við Rafstöðvarveg.

Stækkun: 24.0 ferm., 60.0 rúmm.

Erindi fylgir skýrsla um húsaskoðun dags. 10. október 2024, óþinglýst samþykki eiganda íbúar 0102 dags. 13. mars 2024 og A3 afrit af aðalteikningum samþykktum 22. ágúst. 2022.

Gjald kr. 13.200.

Frestað. Lagfæra skráningu.

35. Sigtún 30 - USK24040211

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057325 þannig að innra skipulagi og útliti íbúða hefur verið breytt ásamt því að brunavörnum hefur verið breytt, bætt við baðherbergjum og þvottahúsum, svefnherbergjum fækkað, gólfsíðum gluggum fjölgað og komið fyrir loftræsisamstæðum í hverri íbúð sem verða 109 í sex fjölbýlishúsum á áður samþykktum bílakjallara á lóð nr. 30 við Sigtún.

Jafnframt er erindi USK24050288 dregið til baka.

Erindi fylgir greinargerð um brunahönnun frá Öruggeri dags. 16. apríl 2024.

Stærð eftir breytingu: 23.863 ferm., 87.732,3 rúmm.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Lagfæra skráningu.

36. Skrauthólar 4 - USK23100124

Sótt er um leyfi til að byggja svalir og til að sameina mhl. 01, 02, 03, 08, 04, 06 og 09 í mhl. 01, mhl. 07 verður mhl. 11 og gera breytingar á innra skipulagi í húsum á lóð nr. 4 við Skrauthóla. Erindi fylgir húsaskoðun byggingarfulltrúa dags. 2. ágúst 2024. Gjald kr. 14.500.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

37. Skógarvegur 18 - USK24010336

Sótt er um leyfi til þess að koma fyrir tveimur djúpgámum við austurenda bílageymslu á lóð nr. 18 við Skógarveg. Stærð: xx ferm., xx rúmm. Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda. Vísað í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31 október 2024.

38. Stefnisvogur 28 - USK24100308

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23050061 með því að breyta innra skipulagi í íbúð 0206 í húsi á lóð nr. 28 við Stefnisvog. Erindi fylgir yfirlit breytinga. Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

39. Stuðlaháls 2 - USK24100207

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058331 og BN060860 með því að breyta á innra skipulagi í húsi á lóð nr. 2 við Stuðlaháls. Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

40. Sæmundargata 2 - USK24100015

Sótt er um leyfi til að gera nýja skábraut við aðalinngang aðalbyggingar HÍ á lóð nr. 2 við Sæmundargötu. Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 22. október 2024. Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

41. Súðarvogur 9B - USK24100128

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058643, BN060276 og USK2410258 vegna lokaúttektar í húsi á lóð nr. 9B við Súðarvog.

Erindi fylgir mæliblað dags. 7. júlí 2023 og hæðarblað dags. 21.nóvember 2017.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

42. Tryggvagata 16 - USK24100179

Sótt er um leyfi fyrir gufubaði og geymslu á þaksvölum á húsi á lóð nr. 16 við Tryggvagötu.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

43. Urðarbrunnur 96 - USK24090291

Sótt er um leyfi til að byggja steinsteyppt tveggja hæða einbýlishús með innbyggðri bílgeymslu, einangrað og klætt að utan á lóð nr. 96 við Urðarbrunn.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

Stærð: 260,9 ferm., 807 rúmm.

Samskonar erindi, BN059341, var samþykkt 25. janúar 2021, en er fallið úr gildi þar sem ekki var gefið út byggingarleyfi.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 21. september 2024, greinargerð hönnunarstjóra dags. september 2024, ódagsett fylgirit með skýringum hönnuðar og teikningum, mæliblað 5.054.3 dags.

11. september 2020 og hæðablað 5.054.3 útg. B3 dags. október 2020.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

44. Urðarstígur 16 - USK24040268

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi og útliti vegna vegna endurnýjunar á rekstrarleyfi gististaðar í flokki II, tegund g, fyrir allt að 10 gesti í íbúðum 0101 og 0201 á lóð nr. 16 við Urðarstíg.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 24. október 2024, skýrsla um húsaskoðun dags. 6. ágúst 2024, greinargerð brunavarna dags. 23. apríl 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 13. nóvember 1986.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

45. Vatnsholt 9 - USK24060036

Sótt er um leyfi til að gera flóttastiga og svalir á 2. hæð í skóla á lóð nr. 9 við Vatnsholt.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

46. Vatnsstígur 20-22 - USK24090312

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24040170 með því að hafa húsvarðarherbergi í sama brunahólfi og bílakjallara í húsi á lóð nr. 20-22 við Vatnsstíg.
Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

47. Vesturgata 6-8 - USK24100118

Sótt er um leyfi til að breyta fjórum gluggum á norðausturhlíð í hurðir í mhl. 01 húsi á lóð nr. 6-8 við Vesturgötu.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 3.október 2024.
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

48. Vesturgata 64 - USK23100081

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059634 þannig að eignarhaldi á dreifistöð 0005 og númerum bílastæða verði breytt í mhl. 07. á lóð nr. 64 við Vesturgötu.
Gjald kr. 14.500.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi.

Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda, á tölvupóstfang eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is, um að vinna á nýrri eignaskiptayfirlýsingu er hafin. Eignaskiptayfirlýsingu þarf að þinglýsa fyrir lokaúttekt.

Fundi slitið kl. 11:40

Brynjar Þór Jónasson
Edda Þórsdóttir
Margrét Pálína Cassaro
Sigrún Reynisdóttir
Sigurður Stefán Karlsson
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir